



Skagafjörður

Skipulagsfulltrúi

Ráðhúsinu, Skagfirðingabraut 21 • 550 Sauðárkróki • S: 455 6000 • Netf.: skagafjordur@skagafjordur.is • Kt.: 5506982349

Sauðárkrókur, 6. desember 2021

Mál: Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035

Viðbrögð við umsögnum og athugasemdum um skipulagstillögur.

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar ákvað að hefja endurskoðun aðalskipulagsáætlanna sinna árið 2019, þá um haustið var farið af stað með skipulagsvinnuna með vinnustofu nemenda í grunnskólum sveitarfélagsins og íbúáþingum. Vinnslutillagan var kynnt haustið 2020 og þann 26. nóvember 2020 samþykkti Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar að auglýsa tillögu að endurskoðuðu Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035, ásamt umhverfisskýrslu skv. 7. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Í tillögunni fólst m.a. endurskoðun á framboði íbúðarhúsnæðis og atvinnusvæða í sveitarfélaginu, mörkuð var stefna um landbúnaðarsvæðin, ferðapjónustu, innviði, efnistöku, ný vatnsverndarsvæði og náttúru- og minjavernd. Aðalskipulagið er mikilvægur þáttur í að vinna að sterkum Skagafirði. Í tillögunni var gert grein fyrir forsendum, útfærslum, heimildum og takmörkunum og umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 105/2006. Tillaga að heildarendurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins var í auglýsingu frá byrjun júlí 2021 til og með 13. september 2021.

Á kynningartíma bárust umsagnir, ábendingar og athugasemdir, sem fjölluðu m.a. um íþróttasvæðin, stígakerfi, efnistökusvæði, náttúruvernd, atvinnusvæði, afmörkun íbúðarsvæða, samgöngur og flutningskerfi raforku. Uppfærð tillaga hefur tekið mið af framkomnum athugasemdum og umsögnum. Breytingar á tillögu felast fyrst og fremst í að skerpt er á stefnu í ákveðnum málum, nánari útfærsla er á ákveðnum landnotkunarflokkum og ýmsar leiðréttingar gerðar á skipulagsgögnum. Ekki eru gerðar grundvallarbreytingar á skipulagstillögunni.

Alls bárust athugasemdir og umsagnir frá 102 aðilum (sjá yfirlit hér fyrir aftan) við auglýsta tillögu. Flokkun athugasemda er með eftirfarandi hætti:

- Opinberir aðilar : 8
- Sveitarfélög : 3
- Stofnanir Sveitarfélagsins Skagafjarðar : 3
- Félagasamtök : 4
- Rekstraraðilar, fyrirtæki : 2
- Einstaklingar : 85

Langflestar athugasemdirnar voru frá leiguhöfum lóða á Nöfunum/ Fjáreigendafélagi Sauðárkróks og vörðuðu fyrirhugaða stækkun íþróttasvæðisins á Nöfunum (ÍP-3.2) þar sem fyrirhuguð stækkun golfvallarins var teiknuð til norðurs og austurs. Við þeim athugasemdum var brugðist með að breyta legu fyrirhugaðrar stækkunar golfvallarins til suðurs meðfram skógræktinni sem þar er. Þar með munu mun færri lóðir fjáreigenda fara undir fyrirhugaða stækkun en áður var.

Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035 var staðfest á fundi skipulags- og byggingarnefndar þann 22. nóvember 2021 og samþykkt var að senda tillöguna til samþykktar sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar samþykkti á fundi sínum þann 30.nóvember 2021, fyrirbyggjandi tillögu að Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035, sbr. 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og óskar staðfestingar Skipulagsstofnunar á endurskoðuðu aðalskipulagi sveitarfélagsins sbr. 3 mgr. 32.gr sömu laga.

Nr.	Aðili:	Inntak athugasemdar	Svar	Viðbrögð
1	Landsnet	<p>1. Vísun í uppfærða kerfisáætlun 2020-2029.</p> <p>2. Ný skýrsla Hjartar Jóhannessonar (HJ) um jarðstrengi í flutningskerfi raforku frá 2019. Blöndulína 3, rýni óháðs aðila þarf að fara fram sem fyrst eigi hún að gerast.</p> <p>3. Í auglýstri tillögu er gert ráð fyrir að Rangárvallarlína 1 fari í jörðu en með tilkomu Blöndulínu 3 mun hún verða fjarlægð.</p> <p>4. Efnistökusvæði, uppfærður námulisti sendur með fyrirhugaðri stærð og magni.</p> <p>5. Helgunarsvæði, tryggja þarf að helgunarsvæði háspennulína séu virt.</p>	<p>1. Kort af flutningskerfi var tekið úr nýjustu kerfisáætlun 2020-2029.</p> <p>2. Kafli 10 var lagfærður og vísað í nýju skýrslu HJ. Óháð rýni á umhverfisskýrslu Landsnets skal fara fram eins fjótt og auðið er.</p> <p>3. Gert grein fyrir niðurrifi Ragnárvallalínu 1 í uppfærðri greinargerð.</p> <p>4. Efnistörukafli aðalskipulags var uppfærður í samræmi við athugasemd.</p> <p>5. Bætt inn í kafla 10.1.3. og 10.2. ákvæði um helgunarsvæði.</p>	<p>1.-2. Lagfært í kafla 10.</p> <p>2. Farið verður í óháð mat á umhverfisskýrslu Landsnets eins fljótt og auðið er.</p> <p>3. Lagfært: Gerð grein fyrir niðurrifi Rangárvallalínu í köflum 10.1.1 Ákvörðun um leiðaval. 10.1.3 Skipulagsákvæði vegna Blöndulínu 3 og kafla 10.2 Blöndulína 2 og Rangárvallalína.</p> <p>4. Afmörkun efnistökusvæða E2 og E3 er breytt frá auglýstri tillögu skv. athugasemd. Magntölur í töflu 15.1 uppfærðar.</p> <p>5. Lagfært: Bætt inn í kafla 10.1.3. og 10.2 skýringum á helgunarsvæðum og reglum innan þeirra.</p>
2	Vegagerðin	<p>1. Uppfæra þarf námulistann sem tilheyrir Vegagerðinni.</p> <p>2. Sauðárkróksbraut (75) við Varmahlíð</p>	<p>1. Námulistinn var uppfærður í samræmi við innsendann námulista frá Vegagerðinni.</p> <p>2. Þessi breyting var unnin í samráði við</p>	<p>1. Athugasemd tekin til greina og breytt samkvæmt henni.</p> <p>2. Ekki þörf á breytingum á tillögu.</p>

	<p>færast til austurs frá því sem nú er. Bent er á 2. lið 28. greinar vegalaga nr. 80/2007: Ákveða skal legu þjóðvega í skipulagi að fenginni tillögu Vegagerðarinnar að höfðu samráði Vegagerðarinnar og skipulagsyfirvalda.</p> <p>3. Bent á leiðir til styttingar á Hringvegi. Þar er fjallað um nýjan veg frá núverandi Hringvegi við Arnstapa og aftur á Hringveg við Sólheimagerði. Þarna er um 6 km styttingu að ræða milli Reykjavíkur og Akureyrar og 1,3 km styttingu milli Akureyrar og Sauðárkróks. Telur Vegagerðin rétt að taka hugmyndir um styttingu til skoðunar og að unnið verði í að koma þeim inn á skipulag. Mikilvægt er að framtíðarlega Hringvegur komist á skipulag svo hægt sé að haga öðrum áformum í samræmi við það.</p> <p>4. Jarðgöng úr Hjaltadal eru ekki á neinum framtíðaráætlunum. Legan hefur lítið verið skoðuð og ekki ljóst hvort raunhæft sé að gera göng á þessum stað. Í athugasemdum</p>	<p>Vegagerðina. Fundað var með fulltrúum Vegagerðarinnar á vinnslutímanum og mynd frá Vegagerðinni „Hringvegur – Sauðárkróksbraut : Hringtorg við Varmahlíð“ höfð til hliðsjónar.</p> <p>3. Þetta þyrfti að fara í formlega málsmeðferð með hluteigandi landeigendum og skipulagsyfirvöldum. Ekki er unnt að taka þetta inn í endurskoðun á aðalskipulaginu á þessu stigi.</p> <p>4. Á skipulagstímabilinu er stefnt að því að undirbúa þessa framkvæmd. Ljóst er að umfangsmikil vinna þarf að fara fram áður en ákvörðun um slíka framkvæmd er tekin. Einnig samráð við t.d. Vegagerðina og þyrfti</p>	<p>3. Ekki þörf á breytingum á tillögu að svo komnu.</p> <p>4. Ekki þörf á breytingum á tillögu.</p>
--	---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	------------------------------------------------------------------------------------------------------

		<p>Vegagerðarinnar frá 6. júlí 2009, vegna vinnu við núverandi skipulag, er bent á að jarðgöng úr Hjaltadal stytta leiðina milli Akureyrar og Sauðárkróks nokkuð. Stytting milli Akureyrar og Reykjavíkur er aftur á móti sáralítill. Göngin eru á lista yfir jarðgöng sem hafa verið í umræðunni í Yfirlitsáætlun jarðganga sem Vegagerðin gaf út í júlí 2021 en þar eru einnig nefndir fleiri möguleikar á gangaleiðum.</p> <p>5. Lagt er til að gatnamótum við Hofsós verði breytt á þann veg að þau verði hliðruð T-gatnamót í stað kross-gatnamóta í dag. Vegagerðin fagnar þessum hugmyndum og telur þær til bóta með tilliti til umferðaröryggis. Hafa þarf samráð við Vegagerðina um hönnun og útfærslu gatnamótanna.</p> <p>6. Í greinargerð er lagt til að ráðist verði í uppsetningu götulýsingar á Hofsósbraut, frá Hofsósi að Siglufjarðarvegi. Skoða þarf, með Vegagerðinni, fýsileika lýsingar á</p>	<p>að fara inn á samgönguáætlun.</p> <p>5. Haft verður samráð við Vegagerðina um hönnun og útfærslu gatnamótanna.</p> <p>6. Haft verður samráð við Vegagerðina um fýsileika lýsingar á viðkomandi leið.</p>	<p>5. Ekki þörf á breytingum á tillögu.</p> <p>6. Athugasemd tekin til greina en kallar ekki á breytingu í tillögu.</p>
--	--	---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

		<p>þessari leið og útfærslur.</p> <p>7. Villinganesvegur yfir Austari Jökulsá hefur ekki verið skoðaður af Vegagerðinni og er ekki á neinum áætlunum.</p> <p>8. Aðrir vegir en vegir á vegaskrá eru merktir á sér korti miðað við hversu góðir/erfiðir þeir eru yfirferðar. Breyta mætti litum fyrir hvern flokk þannig að þeir séu betur lýsandi. Í drögnum er t.d. er seinfær vegur merktur sem gulur á meðan lakfær vegur sem er seinfarnari er merktur grænn. Eðlilegra er að hafa þetta á hinn veginn, að grænn er greiðfærari en gulur torfarnari.</p>	<p>7. Á skipulagstímabilinu er stefnt að því að undirbúa þessa framkvæmd. Ljóst er að umfangsmikil vinna þarf að fara fram áður en ákvörðun um slíka framkvæmd er tekin. Liður í því er samráð við Vegagerðina.</p> <p>8. Framsetning lita eftir hversu góðir/erfiðir vegir eru yfirferðar verður breytt í samræmi við innkomna ábendingu.</p>	<p>7. Ekki þörf á breytingum á tillögu.</p> <p>8. Athugasemd tekin til greina og breytt samkvæmt henni.</p>
3	Skógræktin	<p>1. Ábendingar um orðalag og tilvísanir í lög um skóga og skógrækt.</p>	<p>1. Í köflum um skógræktarsvæði (SL) í þéttbýli og 18 í dreifbýli skipulagsákvæði til leiðsagnar við ræktun og framkvæmdir. Það sem Skógræktin bendir á varðandi fellingu skóga er lagaákvæði úr lögum 33/2019 um skóga og skógrækt.</p>	<p>1. Lagfært: Í lögum 33/2019 um skóga og skógrækt eru ákvæði í 17. gr. Sjálfbærni nýtingar og 18. gr. fellingarleyfi, sem tekin eru upp og sett inn í skógræktarkafla aðalskipulagsins. Þ.e. "Árleg felling í skógum landsins skal að jafnaði ekki vera meiri en árlegur vöxtur þeirra. Skógræktin skal veita leiðbeiningar um grisjun skóga." og úr 1. mgr. 18. gr. "Felling</p>

		2. Stefna um skógrækt á landbúnaðar-svæðum.	2. Skógræktin leggur til opnara orðalag, t.d. Skógrækt sem fram fer á landbúnaðarlandi hefur margþætt hlutverk, t.d. að skapa tekjur með viðarafurðum sínum, að bæta afkomu annarrar ræktunar hvort sem um er að ræða búfénað eða gróður, sem kolefnisbinding eða forða tjóni með bindingu jarðvegs.	skóga eða hluta þeirra er óheimil nema með leyfi Skógræktarinnar." 2. Tekið undir athugasemd og orðlag lagfært í kafla 12.1.4.
		3. Skógræktar og landgræðslusvæði	3. Munurinn á friðuðum og friðlýstum fornminjum.	3. Bætt inn tilvísun í varðveislustig minja kafla 24 Minjavernd.
4	Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra (heilbrigðisnefnd)	Engar athugasemdir við tillöguna.	Kallar ekki á viðbrögð. Þökkum innsenda umsögn.	Ekki þörf á breytingu frá auglýstri tillögu, sjá svar.
5	Landgræðslan	Engar athugasemdir, en bauð fram upplýsingar um jarðvegs- og gróðurvernd.	Kallar ekki á viðbrögð. Þökkum innsenda umsögn.	Ekki þörf á breytingu frá auglýstri tillögu, sjá svar.
6	Landsvirkjun	Varúðarsvæði Skatastaðavirkjunar og Villingarnesvirkjunar þyrfti að sýna á Sveitarfélagsuppdrætti – svæði 2. Bæta þyrfti inn fyrir ofangreindar tvær virkjanir afmörkun varúðarsvæðis fyrir lónstæði og helstu mannvirki.	Kallar ekki á viðbrögð því varúðarsvæðin eru merkt inn á Sveitarfélagsuppdrætti 1 og 2. Varúðarsvæðin auðkennd með hringtáknri við möguleg stöðvarhús. Virkjunarkostirnir eru í biðflokki, skipulagsforsendur virkjananna liggja ekki fyrir og útfærsluatriði.	Ekki þörf á breytingum á tillögu.

			Ekki tímabært að afmarka varúðarsvæði um möguleg lónstæði tengdum þeim.	
7	Umhverfisstofnun	<p>1. Bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfi, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd.</p> <p>2. Miklavatna er friðlýst. Bent á 54. gr. laga 60/2013 um náttúrvernd um framkvæmdir utan friðlýsts svæðis sem geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins. Leita skal umsagnar UST um slíkar framkvæmdir.</p> <p>3. Skógræktarsvæði Brimnesskógar SL-1 innan þess er votlendi sem nýtur verndar.</p>	<p>1. Þetta kemur fram í skipulagsákvæðum um náttúrverndarsvæði aftast í kafla 13.5. bls. 115. Þar er vísað til kafla 13.3 Sérstök vernd...sbr. 61. gr.</p> <p>2. Bætt var inn ábendingu um 54. gr. í kaflann. Leyfisskyldar framkvæmdir í grennd við friðlýst svæði sem kunni að hafa áhrif á friðlýst svæði skuli sen UST til umsagnar.</p> <p>3. Við afgreiðslu framkvæmdaleyfa er hægt að afmarka votlendið nánar og meta umhverfisáhrifin.</p>	<p>1. Ekki þörf á breytingu frá auglýstri tillögu, sjá svar.</p> <p>2. Lagfært: Inn í fyrsta skipulagsákvæði náttúrverndarsvæða bls. 116 sem fjallar um friðlýst svæði er bætt inn skilyrðum 54. gr. laganna.</p> <p>3. Í skipulagsákvæði um skógrækt kafla 18 er bætt inn í 1. ákvæðið skilmálum um að skógrækt skuli ekki skerða votlendi sem njóti verndar 61. gr. Við framkvæmdaleyfisumsókn getur farið fram nánari greining á staðháttum skógræktarsvæða og þá hægt að tryggja vernd vistkerfa.</p>

		<p>4. Úrgangsmál, komin er út ný stefna stjórnvalda „Í átt að hringrásarhagkerfi“ sem leysir af hólmi Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024.</p> <p>5. Vindorka, kort sem sýnir svæði sem koma til greina sem vindorkugarðar ná til mikilvægra fuglasvæða.</p> <p>6. UST telur umfjöllun um fráveitumál í sveitarfélaginu nokkuð ítarlega, en bendir á að í skólpi er ekki aðeins að finna lífræn efni heldur líka getur verið örplast, hættuleg efni og lyfjaleyfar sem geta haft neikvæð áhrif á lífríki.</p>	<p>4. Um sorpurðun er fjallað í kafla 14.3 lðnaðarsvæði. Farið var yfir texta og borin saman við markmið stjórnvalda um hringrásarhagkerfið.</p> <p>5. Myndin sýnir sbr. undirtexa "Áhugaverð svæði til nýtingar vindorku skv. fyrstu úttekt á mögulegum svæðum." Í stefnu aðalskipulags um Vindorku sbr. áherslur á bls. 121 <i>kemur fram að við frekari skoðun svæða skuli þess gætt að svæði séu ekki nálægt mikilvægum fuglasvæðum, svæðum sem eru líklegar farleiðir fugla.</i> Áður en ákvörðun er tekin um nýtingu vindorku færi fram ítarlegri greining á svæðunum og umhverfismat skipulags vindorkuvers og framkvæmda.</p> <p>6. Kallar ekki á ný ákvæði í köflum um fráveitu. Þessar upplýsingar um skaðleg efni í skólpi breyta ekki jákvæðri niðurstöðu umhverfismats stefnu um fráveitu.</p>	<p>4. Í kafla 14.3 undir liðnum Sorpurðun er bætt inn að Skagafjörður hafi að leiðarljósi að draga úr úrgangsframleiðslu og auka endurnýtingu og endurvinnslu í samræmi við stefnu stjórnvalda um hringrásarhagkerfið. Það eru komnar flokkunarstöðvar í þéttbýli.</p> <p>5. Ekki þörf á breytingu frá auglýstri tillögu, sjá svar.</p> <p>6. Ekki þörf á breytingu frá auglýstri tillögu, sjá svar.</p>
--	--	-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

		<p>7. UST bendir á innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. ... Til að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaráætlun og vöktunaráætlun en þessar áætlanir fóru í opinbera kynningu í desember 2020 og er áætlað að hún verði staðfest 2022. ... Skipulagsáætlanir skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem kemur fram í vatnaáætlun.</p>	<p>7. Tekið verður tillit til þessara áætlana stjórnvalda þegar þær öðlast gildi.</p>	<p>7. Ekki tímabært að breyta auglýstri tillögu, sjá svar.</p>
8	Veðurstofa Íslands (VÍ)	<p>Ábendingar um náttúruvá.</p>	<p>Kaflar um náttúruvá Sauðárkróki og Varmahlíð uppfærðir - bætt inn umfjöllun um skriðuhættu. Umfjöllun um Náttúruvá (dreifbýli) kafla 26.2 uppfærð - bætt inn um kortlagningu jarðlaga og skriðuhættu, hættumat á vatnasviði Héraðsvatna, jarðskjálfavirkni.</p>	<p>Tekið var tillit til ábendinga VÍ og kaflar um náttúruvá uppfærðir.</p>
9	Fjallabyggð	<p>Engar athugasemdir við tillögu að aðalskipulagi.</p>	<p>Engar athugasemdir. Kallar ekki á sérstök viðbrögð. Þökkum innsenda umsögn.</p>	<p>Ekki þörf á breytingu frá auglýstri tillögu, sjá svar.</p>
10	Hörgársveit	<p>1. Samgöngur, jarðgöng milli Hjaltadals og Barkárdals -ekki gert ráð fyrir þeim í ASK Hörgársveitar. Í ASK Hörgársveitar 2012-2024 er gert ráð fyrir þjóðvegi 1 um</p>	<p>1. Skagafjöldur setti fram stefnu um að undirbúa þessa framkvæmd. Hana þarf svo að skoða í samræmi við aðra áætlanagerð eins og samgönguáætlun og endurskoðun ASK</p>	<p>1. Ekki þörf á breytingu frá auglýstri tillögu.</p>

		<p>jarðgöng undir Öxnadalshéiði. Yfir Hjaltadalshéiði merkt línugerð "aðrir vegir".</p> <p>2. Í Aðalskipulagi Hörgársveitar 201-2024 er gert ráð fyrir reiðleið en ekki akbraut á þessari leið og á mynd 9.2 í greinargerð ASK Skag. virðist það sé líka ásetningur tillögu.</p> <p>3. Í Aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 er gert ráð fyrir þremur gönguleiðum upp úr Barkárdal. Í auglýstri tillögu ASK Skag. er aðeins gert ráð fyrir einni gönguleið yfir sveitarfélagsmörkin á þessum slóðum.</p>	<p>Hörgársveitar þegar þar að kemur.</p> <p>2. Framsetning á reiðleið yfir Hjaltadalshéiði var lagfærð.</p> <p>3. Ekki er talin þörf á þremur mismunandi gönguleiðum á þessari leið. Gönguleiðir í ASK eru sýndar til skýringar en ekki bindandi stefna.</p>	<p>2. Framsetning reiðleiðar lagfærð skv. ábendingu.</p> <p>3. Ekki þörf á breytingu frá auglýstri tillögu.</p>
11	Sveitarfélagið Skagaströnd	Sveitarfélagsmörk á Skagaheiði þarf að ákvarða.	Óvissusvæði um sveitarfélagsmörk sett inn á kortið.	Kort uppfært í samræmi við athugasemd.
12	Sveitarfélagið Skagafjörður Atvinnu- menningar- og kynningarmál	Borhola (LH04) í landi Langhúsa, Fljótum. Gert verði ráð fyrir atvinnutengdri starfsemi í 600 m radíus kringum borholuna LH04 í landi Langhúsa í Fljótum með það að markmiði að efla atvinnuuppbyggingu í Fljótum. Meðal hugmynda eru náttúruböð, ylrækt og annað sem getur nýtt raforku og heitt vatn frá borholunni.	Borholan er skilgreind sem I-8 Langhús; borholusvæði (1 ha.- 100 fm heimild). Innan 600 m radíus er landnotkun landbúnaðarsvæði. Meðal markmiða um landbúnaðarsvæði er nýting raforku og jarðvarma til ylræktar. Önnur atvinnu- starfsemi er heimil sem styður við búsetu s.s. ferðapjónusta, afurðasala og léttur iðnaður með skilyrðum sbr. kafla 12.1.2. <i>Mannvirki sem tengjast annarri</i>	Ekki þörf á breytingu frá auglýstri tillögu.

			<p><i>atvinustarfsemi.</i> Náttúrulaug er ekki á svæðinu. Fyrir aðra baðstaði þyrfti að skilgreina verslunar- og þjónustusvæði og greina betur skipulagsforsendur. Ekki er tímabært að setja inn verslunar- og þjónustusvæði á þessu svæði.</p>	
13	Sveitarfélagið Skagafjörður Veitu- og framkvæmda-svið	<p>1. Efnistökusvæði á Sauðárkróki, á Gránumelum verði stækkað til austurs, sbr. meðfylgjandi mynd. Með því tryggð efnistaka til jarðvegsframkvæmda til nokkurra ára. Huga þarf að kaldvatnsveitu og rafstreng á svæðinu.</p> <p>2. AT-601 Hofsósi, þéttbýlismörk Hofsósi verði flutt norðar, sbr. meðfylgjandi mynd. Athafnasvæði AT-601 verði stækkað til að mæta þörf vegna fyrirhugaðrar flokkunarstöðvar og gámaplans.</p> <p>3. Stígakerfi á Sauðárhlið, sérmerking og skilgreiningar fyrir göngustíga, hjólastíga, reiðstíga, gönguskíðabrautir. Stígar notaðir af fleiri notendahópum.</p>	<p>1. Efnistökusvæðið hefur verið stækkað samkvæmt athugasemd til austurs.</p> <p>2. Athafnasvæði AT-601 er stækkað lítilsháttar. Ekki þörf á breyttum þéttbýlismörkum.</p> <p>3. Aðalskipulag markar stefnu um stofnstíga og merkir leiðir þeirra í þeirri nákvæmni sem mælikvarði aðalskipulags leyfir. Útfærsla stíga er viðfangsefni deiliskipulagsstígsins þar er nákvæmari lega ákveðin og aðgreining mismunandi stíga þar sem við á, skiltun o.fl.</p>	<p>1. Athugasemd tekin til greina og breytt samkvæmt henni.</p> <p>2. Athugasemd tekin til greina og breytt samkvæmt henni.</p> <p>3. Ekki þörf á breytingu frá auglýstri tillögu.</p>

14	Sveitarfélagið Skagafjörður Skipulags- og byggingarfulltrúi	<p>1. Malarnáma við Hraun í Fljótum ekki inni á sveitarfélagsuppdrætti.</p> <p>2. Landbúnaðarsvæði, landskipti. Breyting á jarðalögum 6. gr. um landskipti. Skoða þarf kafla 12.1.2 með hliðsjón af lagabreytingu.</p> <p>3. Efnistökusvæði Litla-Gröf.</p>	<p>1. Tekið var tillit til athugasemdarinnar og náman sett inn sveitarfélagsuppdráttinn.</p> <p>2. Í kafla 12.2 Skipulagsákvæði um að taka land úr landbúnaðarnotum eru sett fram í liðum a-d viðmið við mat á áhrifum þess að taka land úr landbúnaðarnotum sem sveitarstjórn skal fjalla um. Þau taka á sömu þáttum og ný viðmið í 6. gr. jarðalaga. Þ.e. landþörf breytingar, aðrir valkostir um staðsetningu sem henta síður fyrir landbúnað og áhrif á aðlægg landbúnaðarsvæði.</p> <p>3. Tekið var tillit til athugasemdarinnar og náman sett inn sveitarfélagsuppdráttinn.</p>	<p>1. Athugasemd tekin til greina og breytt samkvæmt henni.</p> <p>2. Ekki þörf á breytingu frá auglýstri tillögu, sjá svar.</p> <p>3. Athugasemd tekin til greina og breytt samkvæmt henni.</p>
15	Hestamannafélagið Skagfirðingur	<p>1. Reiðvegir, vantar reiðveg umhverfis Tjarnartjörn á Sauðárkróki.</p> <p>2. Vilja að göngu- og hjólastígur samhliða reiðvegi frá Sauðárkróksbraut niður með Sauðá og að hesthúsum verði felldur út.</p>	<p>1. Núverandi reiðstígur umhverfis Tjarnartjörn verður sett inn á þéttbýlisuppdráttinn.</p> <p>2. Aðalskipulagið skilgreinir meginleiðir stofnstíga, en leggur ekki til nákvæma hönnun eða útfærslu stíga. Við hönnun stíga og framkvæmdir má draga úr hættu á árekstrum milli mismunandi ferðamáta, svo sem með skýrum</p>	<p>1. Reiðstígar hafa verið lagfærðir kringum Tjarnartjörn og innan þéttbýlisins á Sauðárkróki</p> <p>2. Ekki þörf á breytingu frá auglýstri tillögu.</p>

		3. Athafnasvæði austan Sauðárkróksbrautar þar sem nú er beitarhólf fyrir hesthúsaeigendur verði fellt út, þar sem það rekst á núverandi notkun svæðisins fyrir hesta.	merkingum, skiltum og ef nauðsynlegt er aðgreiningu mismunandi ferðamáta. 3. Stækkun athafnasvæðis A-403 austur fyrir Sauðárkróksbraut er ekki talinn ganga um of á beitarland innan Sauðárkróks. Önnur svæði er nýtileg til beitar í grennd við hesthúsahverfið (Íþ-404) - m.a. austan við það.	3. Ekki þörf á breytingu frá auglýstri tillögu.
16	Leigutakar lóða á Nöfum / Fjáreigendafélag Sauðárkróks	"Í nágildandi Aðalskipulagi er gert ráð fyrir íbúðabyggð á hluta svæðisins og er fullur skilningur fyrir breytingum á lóðasamningum í því tilviki, hinsvegar að taka út svæði sem hefur verið notað undir frístundabúskap og merkja það öðrum frístundum er gjörningur sem hugnast mér/okkur mjög illa."	Mikil breyting á framtíðar stækkun fyrir Íþ-402 var gerð til að koma til móts við fjölmargar athugasemdir. Svæðið mun því nú stækka til suðurs meðfram skógræktinni í stað norðurs eins og áður. Þar af leiðandi munu mun færri ræktunarlóðir skerðast. Til framtíðar þarf að taka afstöðu til núverandi lóða fyrir frístundabúskap með tilliti til breyttrar landnotkunar, þ.e. stækkunar íþróttasvæðis Íþ-402 fyrir golfvöll að Hlíðarenda og stækkunar á tjaldsvæði AF-401.	Afmörkun íþróttasvæðis golfvallar hefur verið breytt til að skerða minna af opnum svæðum með ræktunarlóðum og mæta þörf fyrir framtíðarstækkun golfvallarins.
17	Golfklúbbur Skagafjarðar	Svæðið sunnan við vallahús, suður Nafir neðan við skógrækt, kunni að henta betur til stækkunar en	Afmörkun íþróttasvæðis golfvallar hefur verið breytt til að verða við óskum Golfklúbbs	Athugasemd tekin til greina og breytt samkvæmt henni.

		<p>svæðið norðan við. Hér er átt við svæði OP-405 og svæðið vestan við það, upp að skógrækt. Svæðið er í meira skjóli fyrir vestanáttum en svæðið norðan við núverandi vallarsvæði og æfingarsvæði. með því að stækka völlinn til suðurs eru frábærir möguleikar á að tvinna sman golfvöll og útivistarsvæði til göngu eða hjólreiða. Huga þarf að stækkun Hlíðarendavallar sem nú er 9 holur. Stækkunin getur orðið í áföngum, t.d. fyrst 12 holu völl svo upp í 18 holur.</p>	<p>Skagafjarðar varðandi framtíðar stækkun.</p>	
18	Hjólreiðarfélagið Drangey	<p>1. Teljum við að sveitarfélagið þurfi að marka heildstæða stefnu um uppbyggingu stígakerfis þar sem stuðlað er að bættum samgöngum fyrir gangandi og hjólandi vegfarendum. Gera þarf skilvirkt, aðlaðandi og öryggt stígakerfi sem einfaldar íbúum að sinna daglegum erindum og frístundum allan ársins hring.</p> <p>2. Hjólreiðafélagið Drangey leitar eftir svæði fyrir keppnis og æfingabrautir fyrir fjallahjólreiðar í Skógarhlíðinni.</p>	<p>1. Í aðalskipulaginu er skilgreint heildstætt stígakerfi fyrir gangandi, hjólandi og ríðandi umferð. Ábendingin er góð og getur nýst í áframhaldandi stefnumótun sveitarfélagsins. Önnur sveitarfélög hafa t.d. sett sér hjólreiðaáætlanir.</p> <p>2. Aðalskipulag skilgreinir stofnstíga. Æfingabraut er ekki viðfangsefni aðalskipulags, heldur</p>	<p>1. Ekki þörf á breytingu frá auglýstri tillögu.</p> <p>2. Ekki þörf á breytingu frá auglýstri tillögu.</p>

		Drangey telur mikilvægt að skilgreina og merkja ákveðnar fjallahjólabrautir í sveitarfélaginu til að koma í veg fyrir rask á náttúrunni. Svæðið mun laða að sér ferðamenn og vera mikilvægur þáttur í heilsueflandi samfélagi.	mætti útfæra í deiliskipulagi.	
19	Landeigendur Depla/Hraunum í Fljótum	<p>1. Ósk um að gera ráð fyrir í aðalskipulagi 550 m flugbraut meðfram árfarvegi Fljótaár að austanverðu ásamt 200 fm flugskýli og eldsneytisgeymslu, sbr. meðfylgjandi skýringarmynd.</p> <p>2. Lögð til 2 ný VP-svæði í landi Hrauna sbr. meðfylgjandi kort. Annað VP svæðið verði hjá núv. íbúðarhúsum en hitt við frístundahús norðar á jörðinni. Hitaveitulögn verði skilgreind í aðalskipulagi frá norðurenda núverandi lagnar að Hlöðnuvíkurhöfða.</p>	<p>1. Svona umfangsmikil breyting á aðalskipulagi kallar á viðeigandi málsmeðferð og kynningu. Einnig þarf að afla umsagna lögbundinna umsagnaraðila fyrir framkvæmdinni. Því ekki tímabært að setja inn þessa stefnumörkun.</p> <p>2. Sett hafa verið inn tvö verslunar- og þjónustusvæði í landi Hrauna, samkvæmt uppfærðum athugasemdum, þar sem staðsetning VP-svæðanna og umfang var skilgreint nánar.</p>	<p>1. Ekki þörf á breytingu frá auglýstri tillögu.</p> <p>2. Athugasemd tekin til greina og breytt samkvæmt henni.</p>
20	Ásgeir P. Árnason hrl. fh. B.Pálsson ehf	<p>1. Blöndulína 3. Héraðsvatnaleið mun liggja um lönd B. Pálssonar. sem hefur höfðað dómsmál til að ógilda fyrri aðalskipualgsbreytin gu vegna Blöndulínu 3. Málið verður endurflutt en dagur</p>	<p>1. Endurskoðað Aðalskipulag Skagafjarðar 2020-2035 felur ekki í sér breytingar á stefnu um Blöndulínu 3 frá því sem er í gildandi Aðalskipulagi Skagafjarðar 2009-2021, sbr. breytingu</p>	<p>1. Ekki þörf á breytingu frá auglýstri tillögu.</p>

	<p>Þess hefur ekki verið ákveðinn. Ef dómstólar fallast á kröfu um að fella ur gildi fyrri aðalskipulagsbreytingu vegna Blöndulínu 3, þá leiði það til þess að auglýst endurskoðun aðalskipulags geti ekki öðlast gildi að því er tekur til Blöndulínu 3.</p> <p>2. Mat á valkostum um legu Blöndulínu 3 er ófullnægjandi. Tafla bls. 36 sama og fyrir breytingu - umhverfimat byggt á röngum forsendum.. Umhverfisskýrsla uppfyllir ekki kröfur 2. mgr. 6. gr. laga 105/2006 Umhverfismat áætlana sbr. liði b, c,d,f,h</p> <p>3. Aðalskipulagið er ekki í samræmi við landsskipulag og svæðisskipulag. Blöndulína 3 þarf að skoða í aðliggjandi sveitarfélögum.</p> <p>4. Umhverfismat Blöndulínu 3 - ekki</p>	<p>staðfesta 19. júní 2019. Ef forsendur Blöndulínu 3 breytast síðar, svo sem vegna dómsmáls, þá verður tekin afstaða til þess hvort breyta þurfi stefnunni um Blöndulínu í aðalskipulagi.</p> <p>2. Við afgreiðslu fyrri breytingar á aðalskipulagi vegna Blöndulínu 3 sem Skipulagsstofnun staðfesti 19. júní 2019 var tekin afstaða til valkosta og forsendna. Skipulagsstofnun staðfesti breytingu og hefur þar með talið kröfur uppfylltar um umhverfisskýrslu. Ekki er fallist á þessar athugasemdir.</p> <p>3. Landskipulag markar ekki stefnu um flutningskerfi raforku og einstakar framkvæmdir. Hvorki er í gildi né til vinnslu svæðisskipulag fyrir Sveitarfélagi Skagafjörð og aðliggjandi sveitarfélög. Aðalskipulag Skagafjarðar 2020-2035 er ekki í ósamræmi við skipulagsáætlanir á öðrum skipulagsstigum.</p> <p>4. Þegar niðurstöður umhverfismat</p>	<p>2. Ekki þörf á breytingu frá auglýstri tillögu.</p> <p>3. Ekki þörf á breytingu frá auglýstri tillögu.</p> <p>4. Ekki þörf á breytingu frá auglýstri tillögu.</p>
--	------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

	<p>tímbært að ákveða leguna í ASK þegar MÁU er ekki lokið.</p>	<p>framkvæmdarinnar liggja fyrir verður tekin afstaða til þess hvort eitthvað í niðurstöðunum kallar á breytingu aðalskipulagsins hvað varðar Blöndulínu 3.</p>	
	<p>5. Athugasemd Skipulagsstofnunar vegna fyrri aðalskipulagsbreytingar Blöndulínu 3 ekki svarað; um samanburð valkosta og áhrif á vistgerðir.</p>	<p>5. Við afgreiðslu fyrri breytingar á aðalskipulagi vegna Blöndulínu 3 sem Skipulagsstofnun staðfesti 19. júní 2019 var tekin afstaða til þessara athugasemda. Ekki er fallist á að þessar athugasemdir eigi við endurskoðun Aðalskipulags Skagafjarðar 2020-2035.</p>	<p>5. Ekki þörf á breytingu frá auglýstri tillögu.</p>
	<p>6. Mikilvæg fuglasvæði – Héraðsvatnaleið</p>	<p>6. Í Aðalskipulagi Skagafjarðar 2020-2035 er fjallað sérstaklega um mikilvæg fuglasvæði, þau tilgreind í töflu og gerð grein fyrir verndargildi þeirra. Ekki er talin þörf á ítarlegri umfjöllun um fuglasvæðin í aðalskipulaginu. Áhrif valkosta Blöndulínu 2 á fuglasvæði verða skoðuð í umhverfismati framkvæmdar.</p>	<p>6. Ekki þörf á breytingu frá auglýstri tillögu.</p>
	<p>7. Rangar meginröksemdir í fyrri breytingu vegna Blöndulínu 3.</p>	<p>7. Við afgreiðslu fyrri breytingar á aðalskipulagi vegna Blöndulínu 3 sem Skipulagsstofnun staðfesti 19. júní 2019 var tekin afstaða til þessara þáttar. Skipulagsstofnun staðfesti breytinguna.</p>	<p>7. Ekki þörf á breytingu frá auglýstri tillögu.</p>

			Ekki er fallist á þessar athugasemdir.	
21	Tryggvi Sveinbjörnsson (TS)	Skoðað verði hvort frístundabyggð við Merkigerði sem nær yfir húsin sem eru á jörðinni, þ.e. íbúðarhús og útihús. TS er búsettur á jörðinni og er það ekki rétt skilið að föst búseta má ekki vera í frístundabyggð?	Rétt er að föst búseta er óheimil í frístundabyggð. Afmörkun frístundabyggðar F19 er breytt svo íbúðarhúsið lendi utan þess. Svæði F19 minnkar og fækkað heimilum frístundahúsum sem nemur minnkun svæðisins.	Athugasemd tekin til greina og breytt samkvæmt henni.
22	Arnþrúður Heimisdóttir	Eins og þetta lítur út núna get ég ekki séð reiðleið frá Mósakógum meðfram Siglufjarðarvegi að Ketilási eins og er bráðnauðsynlegt að gera.	Þemakort göngu- og reiðleiðum er í greinargerð, mynd 9.2. og þar er umrædd reiðleið skýrari. Mælikvarði sveitarfélagsuppdráttar er 1:80.000 og því geta sumar línur verið ógreinilagar. Framsetning verður yfirfarin með tillit til læsileika.	Reiðleið var uppfærð á korti í samræmi við athugasemd.
23	Erla Björk Helgadóttir	Eins og fram koma á fundi með Sigurðu Ingvarssyni, Sigfúsi Inga Sigfússyni og Einari Einarssyni þann 01.09.2021 þá hef ég athugasemdir varðandi framlengingu á byggð við Birkimel í Varmahlíð. Ég bý á Víðimel og framlenging á vegi yrði heftandi fyrir búskap okkar hér vegna nálægðar. Á fundinum bauð ég skipti á landi þar sem hægt væri að skipuleggja sama fjölda lóða á betri stað að mínu mati. Útlistun á þeim	Ekki er talið jafn hentugt byggingarland annars staðar innan þéttbýlisins. Í gildandi aðalskipulagi frá 2009 var einnig gert ráð fyrir stækkun íbúðarsvæðisins til suðurs í framhaldi af Birkimel. Við deiliskipulagsgerð er hægt að taka tillit til aðliggjandi landnotkunar við Víðihlíð.	Ekki þörf á breytingu frá auglýstri tillögu, sjá viðbrögð

		skiptum kom fram á fyrrnefndum fundi. Mín tillaga er sú að lóðin við Birkimel 28 og 30 verði endalóð götunnar og í staðinn komi önnur íbúðargata vestar.		
24	Pórarinn Eymundsson	<p>1. Stækkun AT-403 til austurs mun hafa mjög mikil áhrif á íþróttasvæði hestamannafélagsins Skagfirðings. Fyrirhugað athafnasvæði mun koma upp að því hverfi og breytir þannig mikið gæðum svæðisins til iðkunar hestamennsku. Til þess að stunda hestamennsku þarf ákveðið næði og pláss á reiðvegum sem eru jafnframt mjög mikilvæg mannvirki (íþróttamannvirki) fyrir íþróttina. Þetta pláss og næði mun skerðast verulega þegar athafnasvæði er komið svo nærri hesthúsabyggðinni og þar með reiðvegum.</p> <p>2. Inn á skipulagið vantar reiðvegi sem þegar hafa verið gerðir og eru í notkun eins og reiðveginn sem liggur í kringum Tjarnartjörnina og þá sérstaklega kaflann sunnan og austan við. Núverandi tillögur að aðalskipulagi gera ráð fyrir hjólandi og</p>	<p>1. Á athafnasvæðum er heimil atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, verslun og starfsemi sem þarf rúmgóðar lóðir fyrir vinnusvæði utandyra. Við deiliskipulag athafnasvæðisins má setja skilmála um aðgerðir til að draga úr hugsanlegu ónæði frá atvinnustarfseminni. Til dæmis mætti í deiliskipulagsskilmálu m gera aðrar og strangari kröfur um hávaðamörk á lóðum næst íþróttasvæði hestamanna eða hjóðmanir við jaðar athafnasvæðisins.</p> <p>2. Reiðstígar hafa verið lagfærðir kringum Tjarnartjörn og innan þéttbýlisins á Sauðárkróki.</p>	<p>1. Afmörkun athafnasvæðis er ekki breytt frá auglýstri tillögu. Sett er inn ákvæði um athafnasvæði um að tekið skuli tillit til nálægðar við hesthúsahverfi við deiliskipulagsgerð og tryggð viðunandi hljóðvist.</p> <p>2. Athugasemd tekin til greina og breytt samkvæmt henni.</p>

		<p>ríðandi umferð á sömu vegum og það í næsta nágrenni við Flæðigerði. ...eitthvað sem hvorki LH né Samgöngustofa ráðleggja. Sumir vegir í nágrenni Flæðigerðis eru merktir sem reiðvegir og þar með ekki ætlaðir annarri umferð. Almennt ber að stefna að því að skilja enn betur að ríðandi og akandi umferð.</p>		
25	Anna Kristín Gunnarsdóttir	<p>Skógrækt er ekki merkt inn á uppdrátt að Lóni. Þar hefur verið skógrækt síðan árið 2004 að undirritaður var samningur við Norðurlandsskóga. Nú eru alls 68 ha undir.</p>	<p>Skógræktar-og landgræðslusvæði var afmarkað á jörðinni Lóni skv. athugasemd.</p>	<p>Athugasemd tekin til greina og breytt samkvæmt henni.</p>
26	Páll Friðriksson	<p>Er leigjandi lóðar 49 á Nöfum og nýtir túnið til sláttu og sem og beitarland fyrir hross. Mótmælir að svæðið verði skilgreint íþróttasvæði.</p>	<p>Afmörkun íþróttasvæðis golfvallar hefur verið breytt til að skerða minna af opnum svæðum með ræktunarlóðum og mæta þörf fyrir stækkun vallarins.</p>	<p>Athugasemd tekin til greina og breytt samkvæmt henni.</p>
27	Ragnar Pálsson o.fl.	<p>1. Athafnasvæði AT-403 austan Sauðárkróksbrautar. Þarna er beitaland hestamanna sem er mikið notað og afar mikils virði. Núverandi reiðvegur yrði þveraður á einum eða fleiri stöðum með akvegi og hálfeyðileggja einn mest nýtta reiðveg innan</p>	<p>1. Tekið er undir athugasemd um að reiðleið meðfram Sauðárkróksbraut sem liggur gegnum AT-403 norðan við Sauða yrði óhjákvæmilega þveraður vegna aðkomu að deiliskipulagi er mikilvægt að útfæra innkeyrslur að AT-403 með þeim hætti að</p>	<p>1. Ekki þörf á breytingu frá auglýstri tillögu.</p>

		<p>Sauðárkróks og skapa slyshættu.</p> <p>2. Athugasemd gerð við tillögu um stækkun hesthúsaferfis vestur fyrir reiðhöll. Með byggingu hesthúsa vestan við reiðhöll skerðist til muna það mikilvæga beitiland sem hestahúsaeygndur hafa haft aðgnag að. Nægt byggingarland er til austurs þar sem gert var ráð fyrir nýjum húsum þegar Hestamannafélagið Léttfeti átti á sínum tíma í viðræðum við sveitarfélagið.</p>	<p>reiðleiðin verði ekki fyrir verulega neikvæðum áhrifum. Önnur reiðleið liggur beint að ÍP-404 frá Sauða sem ekki verður fyrir áhrifum af AT-403.</p> <p>2. Afmörkun ÍP-404 er í samræmi við afmörkun svæðis hestamanna í deiliskipulagstillögu sem er í skipulagsferli og hefur verið auglýst.</p>	<p>2. Ekki þörf á breytingu frá auglýstri tillögu.</p>
28	Hörður Þórarinnsson o.fl.	<p>1. OP-402,406 og 407. Mótæmi snúa að því að lóð sem nýtt hefur verið til landbúnaðar verði skilgreind sem opin svæði og athafnasvæði. Þetta er félagssvæði hestamannafélagsins Skagfirðings. Mótæmt er einnig stækkun AT403 austan Skagafjarðarvegar. Athafnasvæði þar er ómögulegt þar sem reiðvegur liggur meðfram svæðinu. Félagið með</p>	<p>1. Tekið er undir athugasemd um að reiðleið meðfram Sauðárkróksbraut sem liggur gegnum AT-403 norðan við Sauða yrði óhjákvæmilega þveraður vegna aðkomu að athafnarlóðum. Í deiliskipulagi er mikilvægt að útfæra innkeyrslur að AT-403 með þeim hætti að reiðleiðin verði ekki fyrir verulega neikvæðum áhrifum. Önnur reiðleið liggur beint að ÍP-404 frá Sauða sem ekki verður fyrir áhrifum af AT-403.</p>	<p>1. Ekki þörf á breytingu frá auglýstri tillögu.</p>

		<p>beitarhólf og reiðvegi.</p> <p>2. OP-407, reiðleiðir. Í kringum Tjarnartjörn liggur reiðvegur sem er ekki á skipulagsupprætti. Mómælum göngu- og hjólastíg samhliða og í gengum hesthúsahverfið.</p> <p>3. Óska skýringa á breyttum landamerkjum við Tjarnartjörn og Sjávarborgir.</p>	<p>2. Reiðleið kringum Tjarnartjörn verður bætt inn á uppdrátt.</p> <p>3. Ekki er verið að breyta landamerkjum við Tjarnartjörn og Sjávarborgir heldur framsetningu á afmörkun þéttbýlismarka. Land Sjávarborgar sem áður var inn á þéttbýlisupprætti (skilgreint sem friðlýst svæði) er nú sýnt í heild sinni á sveitarfélagsupprætti nr. 1. Ekki er verið að sýna landamerki hér.</p>	<p>2. Reiðstígar hafa verið lagfærðir kringum Tjarnartjörn og innan þéttbýlisins á Sauðárkróki.</p> <p>3. Ekki þörf á breytingu frá auglýstri tillögu.</p>
29	Ingibjörg Huld Þórðardóttir	<p>Að mínu mati er óljóst hvar okkur er ætlað að koma að Tjarnartjörninni. Svæðið í kringum tjörnina er virkilega fallett útivistarsvæði sem býður upp á marga möguleika fyrir útivistarfólk. Yfir sumarmánuðina er þetta skemmtilegt svæði fyrir þá sem eru t.d. á kayökum og yfir vetrartímenn frýs tjörnin og hentar vel sem skautasvæði eða svell. Beitarhólf liggja að tjörninni og gera aðkomuna erfiða frá svæði hestamanna. Þar er þó vegslóði sem</p>	<p>Ný aðkoma að Tjarnartjörninni var skilgreind og kemur nú vestan við tjörnina. Ekki er talið ákjósanlegt að annarri umferð verði beint í gegnum hesthúsahverfið niður að tjörninni.</p>	<p>Athugasemd tekin til greina og breytt samkvæmt henni.</p>

		<p>liggur niður að tjörninni og væri hægt að vinna með í þeim tilgangi að auðvelda aðkomuna.</p>		
30	Valur Valsson	<p>1. Reiðleiðir, stígar, DSK tillaga Flæðigerðis. Spurningar er varðar deiliskipulag fyrir Flæðagerði á Sauðárkróki og Aðalskipulag 2020-2035. Sé á aðalskipulagi eru göngu/hjólastígar að og frá hesthúsasvæðinu sunnan megin. Er þetta núverandi hestastígur sem á að sameina fyrir hesta, gangandi og hjólandi umferð?</p> <p>2. Sé svo á deiliskipulaginu að sá stígur endar sem reiðleið, mega þá gangandi og hjólandi vera á reiðstígnum? Ég vill fá þetta á hreint því nú eru komin skilti sem merkja reiðleiðir og banna innáakstur ökutækja á nokkrum stöðum og fékk nokkur vel valin orð frá hestamanni þegar ég var við eitt þessara skilta (á hjóli, ekki ökutæki) og var að velta fyrir mér hvort ég ætti að fara frá reiðhöllinni að dælustöðinni við Áshildarholtvatn.</p> <p>Skil samt vel að hestamenn vilji hafa þessa stíga fyrir sig</p>	<p>1. Reiðstígar hafa verið lagfærðir kringum Tjarnartjörn og innan þéttbýlisins á Sauðárkróki – vegna annara athugasemda sem bárust. Ekki er fyrirhugað að sameina reiðleiðir og göngu- og hjólastíga. Reiðleiðir eru ennþá sérflökkað stígakerfi.</p> <p>2. Í aðalskipulaginu er skilgreint heildstætt stígakerfi fyrir gangandi, hjólandi og ríðandi umferð. Ábendingin er góð og getur nýst í áframhaldandi stefnumótun sveitarfélagsins. Önnur sveitarfélög hafa t.d. sett sér hjólreiðaáætlanir.</p>	<p>1. Athugasemd tekin til greina og breytt samkvæmt henni.</p> <p>2. Ekki þörf á breytingu frá auglýstri tillögu.</p>

		en þá þarf líka að huga að gangandi/hjólandi að svæðinu.		
31	Gísli Árnason	<p>Tillaga er gerð um að stækka athafnasvæði AT-403 til austurs „í áföngum eftir því sem þörf krefur.“ Umrætt svæði er í núgildandi Aðalskipulagi merkt sem; U-3.10. Útivistarsvæði, tún. Svæði þetta hefur mörg undanfarin ár verið nýtt af hestamönnum sem útivistar- og beitiland fyrir hesta frá hesthúsahverfinu austan við þetta svæði, Flæðagerði. Enda er Sauðárkróksrétt merkt á skipulaguppdrættinu m og sýnist lenda á mörkum athafnasvæðisins og hesthúsasvæðisins. Tekið er fram í greinargerð með tillögunni að, „jafnframt er hesthúsasvæði stækkað til vesturs.“ (ÍP-404) Þar virðist aðallega vera átt við svæði til bygginga hesthúsa. Á meðan ekki er fundið annað svæði fyrir útivist hrossa líkt og verið hefur tel ég ekki rétt að taka svæðið U-3.10 undir athafnasvæði.</p>	<p>Stækkun athafnasvæðis A-403 austur fyrir Sauðárkróksbraut er ekki talinn ganga um of á beitarland innan Sauðárkróks. Önnur svæði er nýtileg til beitar í grennd við hesthúsahverfið (ÍP-404) - m.a. austan við það.</p>	<p>Afmörkun athafnasvæðis er ekki breytt frá auglýstri tillögu. Sett er inn ákvæði um athafnasvæði um að tekið skuli tillit til nálægðar við hesthúsahverfi við deiliskipulagsgerð og tryggð viðunandi hljóðvist.</p>